

B/T Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála

v/byggingaleyfis fyrir Borgarholtsbraut 39

Kópavogi 9. október 2020

Ég undirrituð, Sóley Ægisdóttir, sætti mig ekki við úrskurð skipulagsráðs frá 21. september 2020 þar sem samþykkt er byggingarleyfi vegna Borgarholtsbrautar 39 og samþykkt á bæjarstjórnarfundi 13. október 2020.

Eins og sést á meðfylgjandi myndum mun væntanleg nýbygging skaða útsýni frá Borgarholtsbraut 40 til suðurs sem og þegar sólin liggur lágt á veturnar verður skuggi á pallinum hjá mér og mun þar af leiðandi rýra verðmat á minni eign.

Mér sýnist að það sé búið að samykkja þessa byggingu alveg sama hvað ég mótmæli og vísa því í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem segir að ég á rétt á bótum vegna verðmatsrýrnunar á eign minni.

Því óska ég eftir að fá bætur vegna ákvörðunar skipulagsráðs og bæjarstjórnar Kópavogs þar sem það er klárt mál að þessi ákvörðun mun skerða verðmat á eign minni sem og gera hana minna aðlaðandi í sölu.

Því spyr ég hvernig og hvert ég á að snúa mér til að kæra þessa niðurstöðu til að fá bætur fyrir verðmatsrýrnum á eign minni eða er þetta bréf nóg til að setja það mál í ferli?

Virðingarfyllst



Sóley Ægisdóttir

Borgarholtsbraut 40

Kt. 270763-4729

Fylgiskjöl

4 myndir sem sýna hvernig nýbygging á Borgarholtsbraut 39 muni rýra verðmat á eign minni.